

Hönnun og smíði 7.bekkur

Kennarar: Nanna Björk Bárðardóttir

7

Skólaárið

2024-2025

Helstu námsþættir vetrarins

Nemendur þjálfist í að:

- nota algeng málmsmíðaverkfæri og smíða vandaðan hlut úr málm sem er fullunninn með póleringu.
- smíða hlut eftir eigin hugmynd og teikningu sem tekur mið af ákveðnu hlutverki.
- beita læstu hnífbragði.
- beita líkamanum rétt við vinnu og nota viðeigandi hlífðarbúnað.
- Nemendur hanna lyklaskippuskraut úr áli, gestabók úr krossvið og penna sem tálgaður er úr ferskum trjágreinum. Skeyta verkefni á persónulegan hátt og skrá heiti efnis og verkfæra í ferilmöppu.
- Kennslan er byggð á sýnikennslu, hugmyndavinnu, sköpun og verklegum æfingum.
- Kennari kynnir og sýnir nýja verkþætti.
- Lögð verður mikil áhersla á að nemendur gangi frá eigin vinnusvæði í lok kennslustundar.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

- Kennt er í þremur lotum, 2x60 mínútur á viku.
- Hver lota er uppbyggð á sama skipulagi en áherslur geta verið ögn mismunandi eftir hópum og nemendum.
- Verkefni geta breyst með litlum fyrirvara.

Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

Námsmat

Námsmat er byggt á símati kennara á námsmarkmiðum og lykilhæfni nemanda.

Námsgögn

Efni, verkfæri og yfirborðsefni sem hæfa aldri, markmiðum og verkefni nemenda.

AS Hönnun og smíði 7. bekkur 2019 - 2025

- **Hæfnieinkunn (5 tákn)**
- **Hæfnieinkunn (umsögn)**

AS Hönnun og smíði 7. bekkur 2019 - 2025 - Lykillæfni

- fer eftir fyrirmælum
- er sjálfstæður í vinnu

AS Hönnun og smíði 7. bekkur 2019 - 2025 - Handverk

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki

AS Hönnun og smíði 7. bekkur 2019 - 2025 - Hönnun og tækni

- unnið eftir ferli frá hugmynd til afurðar á sjálfstæðan og skapandi hátt

AS Hönnun og smíði 7. bekkur 2019 - 2025 - Umhverfi

- notað rétta líkamsstöðu og réttan hlífðarbúnað